



Verndun og grisjun skóga innan þjóðgarðsins á Þingvöllum

Inngangur.

Hér er sagt frá skógargróði innan þjóðgarðsins, verndun hans, grisjun og sögu.

Náttúrulegt gróðurfar innan þjóðgarðsins.

Gróðurfar á svæðinu einkennist annars vegar af gróskumiklu en ekki hávöxnu birki og hins vegar mosagróðri með lyngi og smárunnum sem vaxa á tiltölulega sléttu hrauni sem runnið hefur á nútíma. Hraunið í þjóðgarðinum er nær allt algróið. Birkiskógur- og kjarr þekur 45% af landi þjóðgarðsins. Önnur helstu gróðurlendi eru mosagróður (27%), mólendi (16%), graslendi (1,5%) og ræktað land (1,7%). Land með ræktuðum barrskógi sem ríkjandi gróðurfélagi þekur um 1% af heildar flatarmálinu. Lítt eða ógróið land þekur tæplega 8% af flatarmáli lands (sjá meðfylgjandi kort).

Birkikjarrið á Þingvöllum liðlega mannhæðar hátt að meðaltali. Um þriggja metra há tré eru algeng, en einnig er mikið af lægri trjám og talsvert er um kræðu sem er ekki nema um eins metra há.

Yfirleitt er kjarrið nokkuð þétt, en þó nokkuð auðvelt að ganga um það. Víða eru lítil rjóður í annars þéttum skóginum þar sem lyng smárunnar og blómgróður er mjög gróskumikill með mosaundirlagi. Næst Þingvallabænum og meðfram vatninu eru stakir runnar og kræða algeng.

Í þétu birkikjarrinu- eða skóginum á Þingvöllum eru grös, blómplöntur, lyng og smárunnar ásamt mosa oftast ríkjandi botngróður. Gulvíðir ásamt loðvíði og grávíði eru áberandi um allan gamla þjóðgarðinn. Virðist víðirinn þar aukast hratt eins og annarsstaðar á landinu vegna og minnkandi beitarálags. Sú litla beit sem áður var innan þjóðgarðsgirðingarinnar virðist hafa hætt á síðustu árum. Gulvíðir er sum staðar mjög vöxtulegur og til er í dæminu að hann sé farinn að vaxa yfir birkikjarrið. Þar sem birkikjarr er gisið eins og út frá Þingvallastað og næst Almannagjá eru mosagróður, lyng og smárunnar ríkjandi gróður í skógarbotninum. Á þannig landi er beityng áberandi og virðist útbreiðsla þess vera að aukast eins og svo víða á suð- vestur horni landsins.

Þó birkið í Þjóðgarðinum sé almennt gróskumikið er víða að finna feyskin og illa útlítandi tré eins og eðlilegt er í sjálfbærum villtum skógi sem endurnýjar sig á þennan hátt. Það vekur athygli að þar sem tré eru að deyja er ekki áberandi rótarskot að sjá í kringum gamla stofninn. Endurnýjum birkikjarrsins virðist í fljótu bragði frekar fara fram með spírur á fræi en rótarskotum.

Hlíðarrætur Ármannsfells sem eru innan Þjóðgarðsins eru nær samfelld grónar birkikjarri sem er frekar lágvaxið þ.e. innan við metershá kræða og upp undir mannhæðar hátt kjarr.

Stefnumörkun 1988.

Þingvallanefnd (Þórarinn Sigurjónsson formaður, Hjörleifur Guttormsson og Þorsteinn Pálsson) markaði Þjóðgarðinum stefnu árið 1988. Í upphafsorðum hennar segir, að markmið skipulags þjóðgarðsins sé að vernda á sem öruggastan hátt einstæða náttúru og menningarsögu Þingvalla. Var þetta fyrsta heildstæða skipulagsáætlun fyrir þjóðgarðinn frá stofnun hans árið 1930.

Fjallað er um trjágróður í tveimur köflum. Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar segir um trjágróður innan þjóðgarðsins.

Trjárækt

„Alla þessa öld, einkum og sér í lagi um og eftir lýðveldistökuna hefur verið gróðursettur í þjóðgarðinum mikill fjöldi erlendra trjáa, sérstaklega barrviðir. Stærstu trjáræktarsvæðin eru vestan undir Hrafnagjá og austur undir Stekkjargjá, Snóku og Hrafnagjá. Þessum trjám var greinilega plantað í góðum ásetningi hugsjónamanna. Nú orkar staðsetning trjáanna tvímælis, þegar hugsað er til hugmynda manna um skilgreiningu á hugtakinu þjóðgarður. Til að þjóðgarður standi undir nafni eru m.a. gerðar þær kröfur að þar ríki eins óspillt náttúra og kostur er og afskipti manna t.d. af gróðurfari með plöntun og aðflutningi erlendra tegunda er alveg forboðin. Þannig eru sum trjáanna þannig staðsett, t.d. í Þinghelginni, að rætur þeirra koma til með að eyðileggja fornar rústir, ef slíkt er ekki þegar orðið. Því teljum við eðlilegt að unnið verði að fækkun trjáanna kerfisbundið og fyrst hafist handa á viðkvæmustu stöðunum, þ.e. í Þinghelginni og inn með Fögrubrekku. Furulundurinn frá 1895 er undanskilinn vegna sögulegrar hefðar.“

Í kafla 3.22 um umhirðu trjágróðurs segir orðrétt:

“Rétt er að láta furulundinn, sem markar upphaf skógræktar á Íslandi, halda sér og hlúa að honum, en girðingar umhverfis lundinn verði fjarlægðar. Að öðru leyti verði ekki gróðursettir barrviðir eða aðrar aðfluttar tegundir á Þingvallasvæðinu milli gjáa. Grisja þarf trjágróður innan þinghelgarinnar með hliðsjón af fornleifaúttekt, því að trjárætur spilla minjum í jörð.“

Stefnunni frá 1988 hefur verið fylgt í meginatriðum og stefnumótun frá árinu 2004 er í mörgu tilliti byggð á grunni hennar.

Samstarfsyfirlýsing og samstarf við Skógrækt ríkisins frá 1999.

Árið 1999 var fagnað 100 ára afmæli Furulundarins og upphafi skipulagðrar skógræktar á Íslandi. Að því tilefni var samþykkt samstarfsyfirlýsing milli Þingvallanefndar og Skógræktar ríkisins um eftirlit og umhirðu skóglendis innan þjóðgarðsins.

Í yfirlýsingunni segir að Þingvallanefnd muni halda áfram góðu samstarfi sínu við Skógrækt ríkisins við ræktun, varðveislu og hirðingu trjágróðursins innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Skógrækt ríkisins muni leggja til sérfróða starfsmenn sína til að sinna eftirliti í umboði Þingvallanefndar og standa að sérstökum aðgerðum sé þeirra þörf. Sérstaklega skuli hugað að Furulundinum og taka mið af því að elstu trén fái að njóta sín sem best og lengst. Þá er stefnt að úttekt skóglendisins innan þjóðgarðsins og á grundvelli hennar verði hugað að sérstökum aðgerðum þegar þeirra sé talin þörf.

Frá 2001 hefur verið unnið að grisjun og fellingum trjáa í samráði við verði Skógræktar ríkisins á Suðurlandi. Í fundargerð eftir fund með skógarverði á Suðurlandi árið 2001 kemur fram að skilgreina skuli þau svæði þar sem barrtré ættu að vera og hvaðan skuli fjarlægja þau. Rætt var um mismunandi staði þaðan sem barrtré ættu að víkja fyrir jarðfræðilegri heild og sögulegum stöðum. Þá var einnig rætt um að ekki yrði plantað barrtrjám í fleiri svæði innan þjóðgarðsins.

Í þessu samráði við fulltrúa skógræktarinnar hafa öll furutré á svæði austan Öxarár við Brennugjá og Flosagjá verið fjarlægð. Stakstæð barrtré hafa verið tekin þar og einnig tré fjarlægð úr hraunbóllum og tjörnum austan við Þingvallabæinn. Nokkuð var fjarlægt af lágvöxnum furum sunnan við þjóðveginn meðfram vatninu og grisjað og fellt úr trjálundum í Fögrubrekku og Hvannabrekku.

Starfsmenn á vegum Skógræktar ríkisins unnu að grisjun í Hrafnagjárdhalli 2001-2004 á hverju sumri. Megináherslan var lögð á furulundi fyrir vestan við grenisvæðin með gjánni. Skógrækt ríkisins hefur einnig tekið stærri grenitré fyrir jólatrjárvertíðina og selt til sveitarfélaga og stærri fyrirtækja.

Stór hluti af því efni sem hefur fallið til við grisjun hefur verið nýtt sem trjækurl í stíga og stærstu bolirnir hafa verið nýttir í borðvið og borð og bekkir smíðaðir fyrir gesti þjóðgarðsins. Við grisjun í þinghelginni og á öðrum svæðum þar í grennd hafa unnið, starfsmenn þjóðgarðsins, verktakar á vegum þjóðgarðsins og einnig starfsfólk Skógræktar ríkisins.

Stefnumörkun 2004.

Þingvallanefnd (Björn Bjarnason formaður, Guðni Ágústsson og Össur Skarphéðinsson) samþykkti árið 2004 stefnumótun þjóðgarðsins á Þingvöllum. Þar eru áherslur að mörgu leyti svipaðar þeim sem fram komu í fyrri stefnu frá 1988. Mikilvægasta markmiðið er að vernda náttúru, sögusvið og minjar í þjóðgarðinum til framtíðar en búa jafnframt í haginn fyrir gestakomur sem ætla megi að fjölgi jafnt og þétt.

Stefnan miðast við framtíðarsýn til ársins 2024. Dregin er upp mynd þess árs af stöðu mála í helstu málaflokkum og getið um meginmarkmið sem mikilvægt sé að ná til þess að sýnin verði að veruleika. Í stefnumótuninni er fjallað um gróðurfar, aðfluttar tegundir og barrvið á nokkrum stöðum.

Í kafla 7.2. um landnotkun kemur fram eftirfarandi.

S1: Þingvallahraun og önnur almenn útvistarsvæði

Þingvallahraun þekur stærstan hluta þjóðgarðsins, vaxið lággróðri og birkikjarri. Barrtrjám hefur verið plantað á nokkur svæði. Í hrauninu mynda eyðibýlin Hrauntún og Skógarkot miðpunkta gönguleiða sem eru gamlar þjóð- og alfaraleiðir og því fornleifar á sinn hátt. Engir nýir stígar hafa verið lagðir á þessu svæði en hluti stíganna hefur verið endurbættur með ofaniburði meðan aðrir eru einfaldir troðningar. Gert er ráð fyrir hestaumferð á hluta stíganna. Lítið er um stíga í nyrsta hluta hraunsins.

Mörk ásættanlegra breytinga:

Heildarárásting svæðisins skal ekki breytast að neinu marki og umferð skal stýrt þannig að landið beri ekki merki óskipulegs ágangs. Hluti stíganna skal halda sér í óbreyttri mynd sem einfaldir troðningar. Barrskógur nái ekki frekari útbreiðslu

Stefna fyrir þetta svæði er sem hér segir:

Engin teljandi mannvirki verða á svæðinu önnur en stígar sem falla vel að umhverfinu fyrir fólk sem vill ganga um hraunið og njóta umhverfisins eða vitja eyðibýlanna. Skógarkot verði gert aðgengilegt hreyfihömluðum með stíg sem leyfir umferð hjólastóla. Barrskógar verði grisjaðir og þeim haldið í skeffjum þannig að náttúrulegur gróður svæðisins fái notið sín. Birkikjarrið verði skoðað sérstaklega og kannað hvortástæða er til að örva útbreiðslu þess. Slíkt verði bundið við það kvæmi sem fyrir er.

Í kafla 10 um vistkerfi segir um umhirðu trjágróðurs

10.1. Núverandi staða

Á nokkrum stöðum í Þingvallahjóðgarði var plantað barrtrjám á tuttugustu öldinni. Þeim fyrstu var plantað 1899 og var það upphaf barrtrjáaræktar á Íslandi. Þessari plöntun hefur verið hætt og það sjónarmið orðið ofan á að svo áberandi breyting á vistkerfi og ásting þjóðgarðsins sé ekki réttlætanleg. Enn fremur hefur verið bent á að rætur trjáa geti valdið skemmdum á nálægum fornleifum. Þjóðgarðurinn hefur átt samstarf við Skógrækt ríkisins um grisjun og hirðu barrtrjáanna í þjóðgarðinum.

Í kafla 10.2. er framtíðarsýn til 2024 lýst á þennan hátt:

“Mannanna verk hafa ekki frekari áhrif á vistkerfi Þingvallahjóðgarðs en þegar er orðið enda er þess vandlega gætt í skipulagi og framkvæmdum. Aðfluttum tegundum er haldið fjarri nema um sé að ræða vistkerfisbreytingar á landsvísu og fyrri inngríp hafa að nokkru verið leiðrétt, einkum í þinghelginni þar sem gróður er færður í horf fyrri alda gagngert vegna hlutverks þinghelgarinnar sem sögusviðs og vegna verndunar fornminja“

Í kafla 10.3 um meginmarkmið segir:

“Gróður sem ekki er upprunninn á Þingvöllum verði fjarlægður úr þinghelginni, s.s. barrtré og aspir og á þeim stöðum öðrum þar sem slíkur gróður er nærri markverðum menningarminjum. Umhírða og grisjun barrtrjáa á öðrum svæðum miði að því að náttúrulegur gróður fái notið sín”.

Í kafla 14 um fornleifar segir:

Mikilvægt er að slík ummerki tynist ekki í gróðri og gróðurinn hafi ekki róturvöxt sem spillir minjum eða torveldar rannsóknir á þeim. Þetta kallar á það að gróðri sé að nokkru leyti haldið niðri eða eytt.

Í stefnumótunavinnunni var lögð mikil áhersla á á samráð við gesti og hagsmunaaðila. Vinnan hófst sumarið 2003 með skoðanakönnun sem lögð var fyrir gesti þjóðgarðsins. Kannað var m.a. viðhorf þeirra til þjóðgarðsins, þeirrar þjónustu sem þar er veitt og hvaða gildi þjóðgarðsins væri mikilvægast í þeirra huga. Einnig voru haldnir nokkrir samráðsfundir með hagsmunaaðilum til að fá viðhorf þeirra til verndunar og nýtingar þjóðgarðsins. Alls voru fulltrúar frá 78 fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum boðaðir á samráðsfundi vegna stefnumörkunarinnar og mættu á annað hundrað fulltrúar frá þessum aðilum á fundi með fulltrúum starfshópsins. Í kjölfar samráðsfundanna var unnið úr hugmyndum sem þar komu fram og þær nýttar beint í stefnumörkunavinnuna.

Við vinnuna var einnig fylgt leiðbeiningum frá alþjóðlegu samtökunum IUCN og ICOMOS sem hvað fremstir eru taldir hvað varðar vinnu við stefnumörkun fyrir þjóðgarða og önnur verndarsvæði.

Umsókn Þingvalla vegna skráningar á heimsminjaskrá UNESCO.

Umsókn vegna skráningar á heimsminjaskrá UNESCO er ítarleg skýrsla þar sem gerð er grein fyrir mikilvægi sögu og náttúru viðkomandi staðar. Einnig er gerð ítarleg grein fyrir stjórnun, lagaumhverfi og öðru rekstrarumhverfi staða. Skýrslan er byggð upp á staðlaðan hátt samkvæmt forskrift frá heimsminjaráði UNESCO og verður að hafa borist aðalskrifstofu heimsminjaráðsins 1.febrúar á hverju ári.

Unnið var að umsókn Þingvalla haustið 2002 fram í lok janúar 2003. Í skýrslunni er fjallað um gróðurfar og aðfluttar tegundir á nokkrum stöðum.

Í kafla 2.c segir:

2.c Authenticity / Integrity

The Þingvellir Commission is committed to protect the integrity and authenticity of the area on sustainable principles, to keep it for the enjoyment of generations to come. The manner in which this has been done since the National Park was established has to some extent depended on prevailing general attitudes at any

given time.

The land within the National Park has changed little since Iceland was settled. However, habitation and the holding of the assembly have to some extent led to the destruction of the woodland that was once in the area. This applies not only to Þingvellir, but to Iceland as a whole. Soil erosion and subsequent vegetation and forest deterioration have been one of the most important environmental issues in Iceland for centuries. Subsequently, soil reclamation and forestry have been seen as the most important mitigation measures in the country and as a gesture of respect towards Þingvellir, the first conifers to be planted in Iceland were planted there in 1899. At that time it was considered environmentally acceptable to plant any kind of tree, and priority was given to identifying types which could grow quickly. Planting of these conifers has therefore to some degree altered the original natural environment and such action is regarded with circumspection today, although it was considered to be environmental improvement 100 years ago when it was begun. The planting of foreign species was stopped in the 1960s and currently there are plans to cut down some of these conifers within the innermost assembly site. The majority will be left untouched as a testimony to nature protection in the last century (see Chapter 5.a).

I kafla 5.a segir:

FORESTRY

Conifers have been planted at various places in Þingvellir National Park (Map 8). The first planting was done in 1899, with the resulting "Pine Grove" now being considered the pioneering experiment of Icelandic foresters with growing conifers in Iceland. The Pine Grove is located some 1,000 metres north of the assembly grounds, although the most extensive forestry areas within the National Park are just west of the fissure Hrafnagjá and just east of the fissure Stekkjargjá. In addition, forestry plots reach east toward Skógarkot in the middle of the lava field Þingvallahraun. The Þingvellir Commission and Icelandic Forest Service signed a declaration of partnership in the summer of 1999 on caring for the woods at Þingvellir. This declaration says that the Þingvellir Commission will cooperate with the Icelandic Forest Service on preserving and caring for the arboreal vegetation inside Þingvellir National Park. The Þingvellir Commission will seek professional advice from the Icelandic Forest Service in connection with tracts of natural birch woods as well as cultivated woods. On behalf of the Þingvellir Commission, the Icelandic Forest Service will provide its expert staff to handle supervision and will undertake specific actions if needed. The Pine Grove shall receive particular attention, with the objective of letting the oldest trees prosper as much and as long as possible. The aim is also to assess the wooded lands within the National Park, and, on the basis thus provided, to consider special measures when found necessary. Finally, thinning has been undertaken in recent years, in consultation with the Icelandic Forest Service, and the Forest Service will continue to be responsible for thinning the woods inside the National Park. The principal threats directed at the area with points of interest inside the innermost assembly site are forestry and erosion damage by the river Öxará.

Afforestation is a problem at several places where trees have been planted in ruins or too close to them; these sites have been identified in Map 8. The park authorities have identified critical areas within the innermost assembly site where trees might damage the ruins and will cut those trees down.

Ábendingar heimsminjaráðs og úttektaraðila heimsminjaskrifstofunnar.

Eftir að umsókn vegna skráningar á heimsminjaskrá hefur verið skilað er lagt mat á hana. Að matinu koma fulltrúar frá Alþjóðanáttúruverndarsamtökunum (IUCN) og Alþjóða samtökunum um verndum og varðveislu menningarminja (ICOMOS). Þeir skrifa skýrslu og benda á það sem betur má fara í rekstri staða, hvaða þættir geta haft neikvæð áhrif og gefa álit sitt á vægi staðarins. Matskýrslurnar má finna á heimasíðu heimsminjaskrifstofunnar. whc.unesco.org

Í matskýrslu ICOMOS vegna Þingvalla segir um barrtré og aðfluttar tegundir.

Í inngangskafli:

- *Forestry:*

Conifers were planted at various places the park from 1899 onwards as pioneering experiments in Icelandic forestry. Most prominent is Pine Grove around 1,000 metres north of the assembly site. The dossier mentions allowing the oldest trees to continue to prosper 'as much and as long as possible'. The intrusiveness of these trees near to the heart of the proposed World Heritage Site would seem to call for a shorter timescale for their removal – see authenticity and recommendations below.

Í umfjöllun um authenticity og integrity segir:

Another non-authentic element is conifer plantation within the Innermost Assembly Site, planted from 1899. The objection to these is the fact that these are non-indigenous trees: it is now established that there were no conifers on the island when the first settlers arrived in the 9th century. There is a somewhat cautious policy of the progressive felling of these conifers and their replacement with indigenous species.

Í álit ICOMOS segir:

The site has a unique cultural significance to the Icelandic people as in effect a national shrine, linked to ancient traditions. This spiritual significance is closely connected to the perceived 'natural' and unchanging nature of the site and its remoteness from modern living. In order to sustain this significance on a wide largely open site, it will be necessary to give attention to even comparatively small details of the site.

Eftir það segir um aðfluttar tegundir og barrtré:

Forestry

The impact of conifer plantations on the aesthetic qualities of the site is in place quite negative. It would be desirable for particularly areas close to the assembly site to be the subject of an eradication programme.

Recommendation with respect to inscription

*That the site be inscribed on the World Heritage list as a cultural landscape on the basis of **criteria iii and vi**, subject to the following recommendations: A programme to remove non-indigenous conifers from the entire Park and replace them, where appropriate, by native species should be part of the Management Plan.*

Í álitserð frá IUCN segir um aðfluttar tegundir innan þjóðgarðsins:

4.3.3 Management issues relating to the National Park and potential World Heritage status

Bearing in mind (i) the importance of integrity issues in a potential World Heritage site, (ii) the importance of sustaining or restoring natural systems in Category II protected areas like Þingvellir National Park, and (iii) the general good practice standards associated with protected areas, there are two areas of concern:

The existence of some plantations of exotic coniferous planting

Wherever possible, these should be removed (there is one area of memorial planting that should be respected). Native trees, such as rowan, birch and Arctic willow, should be encouraged in their place. Such an eradication programme is underway now and should continue, despite some public concern. Continued education about the importance of natural systems is needed to ensure better public understanding. Also the watershed should be protected against any such planting which has been shown to increase nitrogen run-off and acidification of water systems.

Í niðurstöðum mats IUCN er nefnt:

Moreover, with some exceptions, the site is well managed and at present broadly maintains its integrity. IUCN would recommend, nonetheless, that the State Party be requested to address the following issues in relation to the management of the site:

- *the programme for removal of exotic conifers should continue;*

Mun fleiri atriði eru nefnd m.a. varðandi gerð skilta, þjóðargrafreitinn, sumarhús og annað.

Í málsgrein 3. í texta 28COM 14B.41 frá heimsminjaráðinu vegna samþykktar Þingvalla á heimsminjaskrá er lagt til að fljótt verði ráðist í:

c) a programme to remove non-indigenous conifers from the entire Park, (except for a small area of memorial planting), replacing them, where appropriate, with native species.

Lóðaleigusamningar.

Í leiguskilmálum Þingvallanefndar vegna sumarbústaðalóða er tekið fram í grein 2.2 :

Leigutaka er skylt að hlúa að og vernda upprunalegan kjarr og skógargróður sem vera kann á lóðinni. Leigutaka er heimilt að rækta lóðina, en hann skal leitast við að sjá til þess að ræktun hennar sé í samræmi við gróður og ræktun í næstu grennd hennar eða í samræmi við upprunalegan gróður á Þingvallasvæðinu.

Fornleifar og skógrækt.

Fornleifarannsóknir hafa lítið verið stundaðar á Þingvöllum, þar til fyrir fáeinum árum. Þegar Þingvallanefnd samdi við Fornleifastofnun Íslands um, að hún mundi hefja þar fornleifarannsóknir. Rannsóknir Fornleifastofnunar Íslands undanfarin 5 ár með styrk frá Kristnihátíðarsjóði í umboði Þingvallanefndar hafa leitt í ljós fornar búðarústir í þinghelginni, við Þingvallakirkju og Þingvallabæ. Búðarústirnar eru mun fleiri en áður var vitað um.

Þessar rannsóknir hafa m.a. beint athygli að nokkrum svæðum í þinghelginni þar sem trjágróðri hefur verið plantað. Komið hefur í ljós að þar eru fornleifar í hættu vegna nálægðar við trjágróður og því hefur verið grisjað og felldur trjágróður til að vernda fornminjar. Nokkuð hefur nú verið fellt af trjám við Valhöll þar sem trjágróður hefur þrýst á búðarústir en einnig austan Öxarár, á Miðmundartúni. Loks hafa verið tekin stakstæð og ræfilsleg tré á öðrum stöðum.

Skemmdir á minjum af völdum trjágróðurs.

Í Miðmundartúni, við veginn fyrir sunnan Þingvallabæ, fannst áður óþekkt þyrping af fornum tóftum. Tóftirnar eru frá fornöld eða miðöldum, þeim bregður hvergi fyrir í fornritum, eða lýsingum á Þingvöllum frá síðari öldum.

Einn merkasti forngripur sem komið hefur úr íslenskum jarðvegi fannst í Miðmundartúni, við lagnavinnu árið 1957. Þessi forngripur er tábagallinn, tignarmerki biskups og er eldri en biskupaembættin íslensku. Minjarnar skemmdust lítillaga við skurðgröftinn fyrir jarðstreng 1957. Á minnisblöðum Gísla Gestssonar frá Þjóðminjasafni Íslands, sem fór til að athuga þennan fund um leið og tilkynning barst, segir að þar hjá sé nýlega búið að planta nokkrum trjáhríslum. Þessi tré uxu síðar úr grasi með rótarvexti og hafa nú verið fjarlægð.

Í áliti Adolfs Friðrikssonar, forstöðumanns Fornleifastofnunar Íslands. um fornleifar og skógrækt á þingstaðnum segir m.a:

„Mikilvægast af öllu er þó að gera sér grein fyrir því hve vandasamt er að varðveita það í þjóðgarðinum sem hlýtur þó að eiga hafa allan forgang, þ.e. sjálfar þingminjarnar. Þingminjar eru í eðli sínu óburðugar miðað við flest önnur mannvirki sem reist hafa verið hér á landi, enda einungis ætluð til skammrar vista og mannfunda um sumur. Náttúra Þingvalla er ekki sérstaklega minjavæn. Land hefur sigið mikið frá því Alþingi var stofnað, og minjar orðið vatnsósa eða lent undir vatni vegna sigs eða flóða, jarðskjálftar hafa skemmt minjar, og Öxará hefur sópað burtu búðatóftum og jafnvel öðrum merkjum mannvirkjaleifum þinghaldsins.

Ræktun barrtrjáa á fornum þingstað sæmræmist ekki verndun sögustaðarins. Ræturnar liggja ofarlega í jarðveginum, þær sprengja í sundur hlaðna grjótveggi og splundra torfi. Við gáfumst upp á að rannsaka syðri hluta Miðmundartúns árið 2002, því rötarkerfið þar var búið að læsa sig utan um minjarnar, og stórskaða varðveislu- og rannsóknargildi þeirra. Athugun á nyrðri hlutanum sýnir að þar í túninu er krökkt af minjum. Sá hluti minjasvæðisins hefði farið sömu leið ef ákveðið hefði verið að þyrma trjánunum en fórna minjunum. Eyðilegging á fornleifum vegna trjágróðurs er ekki nýtt vandamál, en má vera að fornleifafræðingar og minjaverndarfólk eigi nokkurt starf eftir óunnið til að skýra hversvegna trjágróður er óæskilegur í námunda við fornar minjar.

Síðastliðin 10 ár hefur verið gert staðlað mat á þeirri hættu sem minjar eru í, m.a. vegna jarðvegsrofs, skriðufalla, trjágróðurs o.sv.fr.

Í ýmsum skýrslum um fornleifaskráningu á tilteknum stöðum á Íslandi kemur m.a. fram slíkt hættumat. Aðeins hluti landsins hefur verið skráður, en vitað er um rúmlega 200 minjastaði sem stafar hætta t.a.m. af trjágróðri. Þar sem unnið hefur verið að fornleifaskráningu vegna skipulagsgerðar í sveitarfélögum hefur tekist ágætt samstarf við ábúendur um að gróðursetja ekki á þeim stöðum þar sem minjar eru fyrir....
Fornleifar í trjáreitnum við Miðmundartún njóta friðunar samkvæmt þjóðminjalögum. Fornleifum, sbr. t.d. 10. gr. þjóðminjalaga 2001 nr 107, „má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja...“. Að auki voru fornleifar á Þingvöllum friðlýstar sérstaklega 5. maí 1927, af Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði, en hann hafði gert sérstaka rannsókn á staðnum nokkrum árum áður. Slíkar friðlýsingar voru heimilaðar með lögum um verndun fornleifa 1907. Í friðlýsingarskjali, sem þinglýst var 7. september 1927, kemur fram hvað sé þar friðlýst: „Þingbúðarústir allar og allar aðrar fornleifar og gömul mannvirki á hinum forna alþingisstað, beggja vegna Öxará““

Skógar og skóglendi innan Þjóðgarðins.

Í Þjóðgarðinum á Þingvöllum eru fjölmargir skógarlundar sem plantað hefur verið af mismunandi tilefni og á ólíkum tímum. Hér verður gerð grein fyrir helstu reitum þar sem má finna barrtré og tré sem plantað hefur verið á síðustu öld. Nánar má skoða þá á kortum sem fylgja með.

Trjágróður í og við Þingstaðinn forna.

Frá 1930 hefur miklu verið plantað í og við Þingstaðinn forna. Þetta er greni, fura og birki. Tré voru sett í rústir norðan við Valhöll og austan megin við Öxará. Þetta gerðu fyrstu umsjónarmenn Þjóðgarðsins og einnig Jón Guðmundsson sem rak Hótel Valhöll.

Furulundurinn.

Skammt norðan við Öxarárfoss er Furulundurinn. Hann markar upphaf skipulagðrar skógræktar á Íslandi. Fyrstu trén eru frá árinu 1899. Ekki hefur verið gróðursett í lundinn síðan 1960 en hann hefur verið grisjaður reglulega og snyrtur. Í stefnumörkun Þjóðgarðsins frá 1988 og í stefnumótun frá 2004 er ítrekað sögulegt varðveislugildi Furulundarins.

Norðmannareitur.

Norðmannareitur er syðst í Fögrubrekku en árið 1949. Norskir skógræktarmenn settu þar niður 1250 rauðgreni frá Noregi og 150 sitkagreni af Alaskastofni.

Eyfirðingareitur.

Eyfirðingareitur er syðst í Hvannabrekku. Þar fékk Eyfirðingafélagið í Reykjavík 4 hektara spildu til afnota og var plantað þar á árunum 1941-1967. Þar er rauðgreni, skógarfura, sitkagreni, lerki, reyniviður, birki, blæösp og alaskaösp.

Reitur Jóns Magnússonar skálds.

Þennan reit fékk Jón Magnússon skáld í Hvannabrekku og var plantað þar þrisvar sinnum.

Skógarkotsreitur.

Árið 1948-1950 voru gróðursettar um 50.000 plöntur austan við Skógarkot allt austur fyrir Ölkofradal og Þórhallastaði. Mest er þar af rauðgreni en einnig aðrar tegundir.

Jónslundur.

Hreyfilsbílstjórar gróðursettu tré til minningar um Jón Jóhannsson frá Skógarkoti árið 1951 og 1952.

Árnesingalundur.

Er norðausturundir Vatnsvíki og lítið vitað um umhirðu og plöntufjölda.

Vestur-Íslendinga reitur.

Reiturinn er í Hrafnagjárdhallinu og var samþykktur af Þingvallanefnd árið 1952. Reiturinn er beggja vegna við gömlu þjóðleiðina yfir Hrafnagjá. Plantað í hann milli 1953 og 1958.

Landsbankalundur.

Þetta er stærsti einstaki skógarlundurinn innan þjóðgarðsins. Landsbankinn gaf 100.000 krónur með því skilyrði að gróðursett yrði á Þingvöllum. Rúmlega 100.000 plöntur voru gróðursettar árið 1958 af ýmsum tegundum en mest af skógarfuru.